



Fundargerð

21. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn
Þriðjudaginn 30. Júní 2015 kl. 20:00 í sal A, 3. hæð í Íþróttamiðtöð ÍSÍ

Mætt: Einar Vilhjálmsson, Jónas Egilsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Stefán Skafti Steinólfsson. Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar. Samþykkt af stjórn.
2. Fundargerð 19. fundar rædd, lagfærð og samþykkt til birtingar. Til máls tóku EV, SSS, JE og FRÞ.
3. Rekstur og fjármál:
 - 3.1. Nýr starfsmaður: Formaður skýrir frá samkomulagi við Hauk Þór Haraldsson um að hann gegni störfum á skrifstofu FRÍ sem sjálfboðaliði og leysi Jónas af í sumarfrí hans. Nánar á eftir að skilgreina fjölda daga í frí í samfellu sem og heildardagafjölda Jónasar í frí. Formanni og framkvæmdastjóra er ætlað að skilgreina það í sameiningu samanber ákvæði í ráðningasamningi.
 - 3.2. Framkvæmdastjóri óskar eftir að gerður verði samningur við Hauk. Samþykkt af stjórn.
 - 3.3. Staða orlofsréttinda framkvæmdastjóra : JE skýrir frá samantekt sinni um uppsafnað ótekið orlofs sem ekki hefur verið skilgreint í fyrri ársreikningum FRÍ. Umræður voru um samantekt framkvæmdastjóra. Þessum lið vísað til fjárhagsnefndar til afgreiðslu fyrir næsta stjórnarfund. Til máls tóku SSS, EV, JE og FRÞ.
 - 3.4. Tillaga um heimild til gjaldkera að greiða út af reikningum FRÍ : Tillagan samþykkt af stjórn.
 - 3.5. Greiðslustaðan og greiðslustreymi næstu 3 mánuði : Framkvæmdastjóri fer yfir stöðuna. Framkvæmdastjóra falið að leggja fram á næsta fundi stjórnar skriflega greinagerð um fyrirsjáanlegt og áætlað sjóðsstreymi sambandsins næstu 3 mánuði. Til máls tóku FRÞ, EV, SSS og JE.
4. Meistaramót í hálfu maraþoni : Staðfest að mótið verður haldið á Akureyri 2 júlí.
5. Umræður um næsta fund. Tillaga lögð fram um að næsti fundur stjórnar verði haldinn þriðjudaginn 21 júlí. Til máls tóku FRÞ, SSS, JE og EV. Athugasemd ekki gerð við þá dagsætningu.
6. Önnur mál : FRÞ ræðir um Meistaramót Íslands aðalhluta og aðkomu fatlaðra íþróttamanna á MÍ. Stjórn fagnar þáttöku fatlaðra á MÍ, sjái mótshaldari svigrúm til að halda mótin samátímis. Til máls tóku FRÞ, SSS, EV og JE.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 22:15.

Fundargerð ritaði Stefán Skafti Steinólfsson.